

Hverfið mitt



Miðgarður
Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness



Miðgarður

Í Grafarvogi er starfrækt þjónustumiðstöðin Miðgarður sem sér um alhliða upplýsingamiðlun um þjónustu borgarinnar. Hægt er að skila öllum umsóknum um þjónustu borgarinnar til þjónustumiðstöðvarinnar sem ber ábyrgð á að koma þeim í réttar hendur innan borgarkerfisins.

Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um þjónustuna í Grafarvogi og á Kjalarnesi hjá Miðgarði, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness, í síma 411 1400, á heimasíðunni www.midgardur.is eða á skrifstofu okkar að Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík. Miðgarður, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness er opin alla virka daga frá kl. 8:15 – 16:15.

Framtíðaskólinn

Meginmarkmið Framtíðarskólans er að halda utan um ýmis konar fræðslu, námskeið og fyrirlestra fyrir almenning, með áherslu á börn og fjölskyldur. Nánari upplýsingar er að finna á www.midgardur.is

Nágrannavarsla

Nágrannavarsla er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og íbúa. Markmiðið með verkefninu er að aðstoða borgarbúa við að stuðla að öryggi eigin eigna og taka höndum saman um að sporna gegn innbrotum og eignartjóni í sínu nánasta umhverfi.

Daggæsla í heimahúsum

Daggæsluráðgjafi gefur foreldrum upplýsingar um dagforeldra í Grafarvogi og á Kjalarnesi, veitir þeim ráðgjöf og tekur á móti umsóknum um niðurgreiðslu. Daggæsluráðgjafi hefur einnig umsjón með ráðgjöf og fræðslu til dagforeldra. Í Grafarvogi og á Kjalarnesi eru starfandi fjölmargir dagforeldrar. Dagforeldrar eru sjálfstætt starfandi. Upplýsingar um dagforeldra og laus pláss hjá þeim má finna á www.midgardur.is.

Málefni fatlaðs fólks

Miðgarður veitir ráðgjöf varðandi málefni barna, fullorðinna og aðstandenda einstaklinga með fötlun. Fólk með fötlun, sem á rétt á þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks, getur sótt þjónustu og ráðgjöf í Miðgarð. Auk almennrar þjónustu er hægt að sækja um t.d. frekari liðveislu, búsetu og dagþjónustu. Nánari upplýsingar veittar í síma: 411 1400 eða á www.midgardur.is.

Lögreglan

Grafarvogur og Kjalarnes heyra undir svæðisstöð 4 hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Lögreglustöðin er til húsa að Krókhálsi 5b. Þar eru bæði almennt svið (sólarhringsvaktir-útköll) og rannsóknarsvið. Almennum fyrirspurnum og upplýsingum til lögreglu er hægt að koma á framfæri í síma 444-1180 allan sólarhringinn og fyrirspurnum um rannsóknir mála í síma 444-1190 á skrifstofutíma.

Neyðarsími lögreglu er 112

Barnavernd

Ef grunur leikur á að börn séu beitt ofbeldi, búi við vanrækslu eða annarskonar harðræði er það borgaraleg skylda hvers og eins að tilkynna slíkt. Það er gert með því að hringja í síma 112 eða síma 411 9200 þar sem félagsráðgjafi Barnaverndarnefndar Reykjavíkur tekur við tilkynningunni.

Rafræn Reykjavík

Umsóknir um þjónustu Reykjavíkurborgar á einum stað. Reykjavíkurborg leggur áherslu á að greiða götur viðskiptavina að þjónustu með þrenns konar aðgengi. Í fyrsta lagi með þjónustumiðstöðvum í hverfum borgarinnar. Í öðru lagi veitir Símaverið 411 1111 upplýsingar og gefur samband við öll svið borgarinnar. Þriðja leiðin að þjónustu Reykjavíkurborgar er Rafræna Reykjavík og heimasíðan er www.reykjavik.is.

Grafarvogskirkja

Í Grafarvogskirkju fer fram ýmis starfsemi, s.s. æskulýðsstarf, barnastarf, TTT starf, starf fyrir aldraða og fleira. Kirkjan er opin alla virka daga frá 10.00 til 17.00. Grafarvogskirkja er við Fjörgyn Logafold 1, sími: 587-9070, vefang: www.kirkjan.is/grafarvogskirkja.

Húsaleigubætur

Leigjendur íbúðarhúsnæðis eiga rétt á húsaleigubótum að uppfylltum skilyrðum, meðal annars vegna tekna og þinglýsts leigusamnings til a.m.k. 6 mánaða. Sérstakar húsaleigubætur eru fjárstuðningur til greiðslu húsaleigu á almennum markaði, umfram almennar húsaleigubætur, og eru ætlaðar þeim sem búa við mjög erfiðar félags- og fjárhagslegar aðstæður.



Húsnæði

Tekið er á móti umsóknum um félagslegt leiguhúsnæði, þjónustuíbúðir fyrir aldraða, hjúkrunar- og dvalarrými og sértæk búsetuúrræði. Úthlutun húsnæðis er byggð á mati á aðstæðum umsækjenda. Einnig eru starfrækt nokkur sambýli í Grafarvogi. Sótt er um vist á sambýli hjá Miðgarði. Upplýsingar veita ráðgjafar í síma 411 1400. Nánari upplýsingar er að finna á www.midgardur.is

Ýmis stuðningur

Í Miðgarði er hægt að sækja um ýmis úrræði, má þar t.d. nefna liðveislu, tilsjón, stuðningsfjölskyldur, unglingasmiðjur, heimsendingu matar, hvíldarinnlagnir, dagvistun fyrir aldraða, persónulegan ráðgjafa og fleira.

Félagsleg ráðgjöf

Fagfólk veitir einstaklingum og fjölskyldum ráðgjöf, svo sem vegna uppeldis barna og unglinga, fjárhagsvanda, veikinda, fötlunar, öldrunar og vímuefnamála svo dæmi séu nefnd.

Fjárhagsaðstoð

Einstaklingar og fjölskyldur með mánaðartekjur undir ákveðnu marki geta sótt um fjárhagsaðstoð. Aðstoðin getur verið í formi láns eða styrks eftir atvikum. Einnig er hægt að fá almenna ráðgjöf vegna fjárhagslegra erfiðleika.

Þekkingarstöð

Þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar bera allar skilgreinda ábyrgð á sérverkefnum, hver á sínu sviði. Þekkingarstöðvarverkefni Miðgarðs er Félagsauður og forvarnir. Skilgreining Miðgarðs á félagsauði er: Félagsauður hverfisins byggir á þekkingu, trausti, krafti og samtakamætti þeirra sem þar búa eða starfa og sameiginlegum vilja þeirra til að auðga og þróa samfélagið til betri vegar.

Akstursþjónusta og ferðaþjónusta fatlaðra

Akstursþjónusta eldri borgara er ætluð fyrir þá íbúa Reykjavíkur sem eru 67 ára og eldri, búa sjálfstætt og eru ófærir um að nota almenningssamgöngur vegna langvarandi hreyfihömlunar og hafa ekki aðgang að eigin farartæki. Ferðaþjónusta fyrir fatlaða er fyrir þá sem geta vegna fötlunar sinnar ekki notað almenningsvagnþjónustu og hafa ekki aðgang að eigin farartæki.

Félagsleg heimaþjónusta

Félagsleg heimaþjónusta og heimahjúkrun er fyrir alla aldurshópa. Þjónustan er fyrir þá sem búa í heimahúsum, geti þeir eða annað heimilisfólk ekki annast heimilishald eða persónulega umhirðu hjálparlaust. Markmið félaglegrar heimaþjónustu er að gera fólki kleift að búa á eigin heimili þrátt fyrir erfiðleika svo sem veikinda, fötlunar eða fjölskylduaðstæðna. Þörf er metin í hverju einstöku tilviki.

Markmið heimahjúkrunar er að veita einstaklingshæfða og markvissa, árangursríka og faglega heimahjúkrun og þar með gera þeim sem þjónustunnar njóta kleift að búa heima við sem eðlilegastar aðstæður þrátt fyrir veikindi eða heilsubrest. Einstaklingshæfð og markviss heimahjúkrun er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

Hjá heimahjúkrun starfar geðteymi sem samanstendur af geðhjúkrunarfræðingum, sjúkraliðum og félagsráðgjafa. Þjónusta er veitt í heimahús frá kl. 8:00 – 20.00 alla virka daga. Veitt er þjónusta til þeirra einstaklinga 18 ára og eldri sem eiga við geðsjúkdóma að stríða.

Íbúasamtök

Í Grafarvogi, Bryggjuhverfi og á Kjalarnesi eru starfandi íbúasamtök sem jafnframt eru hagsmunasamtök íbúa. Upplýsingar um Íbúasamtök Grafarvogs er að finna á www.ibuasamtok.com, Íbúasamtök Bryggjuhverfis á www.bryggjuhverfi.net og Íbúasamtök Kjalarness á www.kjalarnes.is.

Hverfisráð

Hverfisráð Grafarvogs og Kjalarness eru skipuð af kjörnum fulltrúum sem stuðla að kynningu skipulags, framkvæmda og þjónustu í hverfunum og beita sér fyrir því að samráð verði haft við íbúa.

Hverfastarf

Til að auðga mannlíf og menningu í Grafarvogi leggur starfsfólk Miðgarðs áherslu á að styrkja hvers kyns hverfastarf í samvinnu við íbúa, félagsasamtök og aðra þá sem vilja láta til sín taka. Undirbúningur funda hverfisráðs er á ábyrgð Miðgarðs.



Heilsugæslan í Grafarvogi

Heilsugæslan í Grafarvogi er hverfisstöð, staðsett í Spönginni, og þjónar íbúum Grafarvogs. Síminn þar er 585 7600. Ef þú býrð á þjónustusvæðinu getur þú skráð þig á stöðina meðan ekki er fullskráð hjá læknum stöðvarinnar.

Nánari upplýsingar er að finna á www.heilsugaesla.is

Heilsugæslan í Mosfellsbæ

Heilsugæsla Mosfellsumdæmis, staðsett í þjónustumiðstöðinni Kjarna, þjónar íbúum í Mosfellsbæ, Kjalarnesi, Kjós og Þingvallasveit. Síminn þar er 510 0700. Ef þú býrð á þjónustusvæðinu getur þú skráð þig á stöðina meðan ekki er fullskráð hjá læknum stöðvarinnar.

Nánari upplýsingar er að finna á www.heilsugaesla.is

Eir og Eirborgir

Eir er öldrunarmiðstöð í Grafarvogi og er þar rekið hjúkrunarheimili. Á Eir er að finna flest þau úrræði, sem boðið er uppá í öldrunarþjónustu. Þar er lækni, hjúkrun, sjúkraþjálfun, prestur, vinnustofa, eldhús, hárgreiðslustofa, tannlæknastofa, fótaaðgerðastofa og verslun. Eirarhús eru staðsett að Hlíðarhúsum 7, þar eru þjónustuíbúðir fyrir eldri borgara. Við Fróðengi 1-11 eru 110 öryggisíbúðir, Eirborgir. Í boði eru þrjár gerðir af íbúðum, stúdíóíbúðir, tveggja herbergja íbúðir og þriggja herbergja íbúðir.

Nánari upplýsingar um verð, þjónustu og annað fyrirkomulag í síma 522 5700 eða á heimasíðu Eir www.eir.is.

Leikskólar

Í Grafarvogi og á Kjalarnesi eru starfræktir 16 leikskólar. Í leikskóla er gert ráð fyrir að hverju barni sé mætt á eigin forsendum og að byggt sé upp gott foreldrasamstarf með virkri þátttöku foreldra.

Innritun í leikskóla

Umsóknir um leikskólapláss fyrir börn fara í gegnum Rafræna Reykjavík, www.reykjavik.is.

Grunnskólar

Í Grafarvogi og á Kjalarnesi eru starfræktir 9 grunnskólar. Öllum börnum og unglingum á aldrinum 6 ára til 16 ára er skylt að sækja grunnskóla. Foreldrar bera ábyrgð á innritun barns í grunnskóla og að það sæki skóla. Hlutverk grunnskóla er að búa börn undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífældri þróun. Í öllum grunnskólum eru starfrækt frístundaheimili.


Sérfræðipjónusta í leik- og grunnskólum

Sérfræðingar Miðgarðs veita stjórnendum og starfsfólki í leik- og grunnskólum ráðgjöf og fræðslu. Einnig gera þeir sálfræðilegar athuganir á nemendum, til dæmis vegna gruns um þroskafrávik. Jafnframt er unnið að margskonar skólaþróunarverkefnum.

Borgarholtsskóli

Borgarholtsskóli er staðsettur við Mosaveg í Grafarvogi. Hann er framsækin og tæknivæddur nútímaskóli með um 1000 nemendur og fjölbreytt námsframboð

Veffang: www.bhs.is - Sími: 535 1700.





Frístundir og félagsstarf

Félagsstarf fyrir fullorðna er í boði víðsvegar um Reykjavík. Veittar eru upplýsingar um félagsstarfið og annað frístundastarf í hverfum borgarinnar.

Korpúlfar

Eru samtök eldri borgara í Grafarvogi. Markmiðið er að skapa eldri borgurum í Grafarvogi tækifæri og aðstöðu til fjölbreytts félags- og tómstundastarfs. Korpúlfar eru með aðstöðu að Korpúlfsstöðum. Þeir sem vilja gerast félagar og komast á póstlista hjá Korpúlfum eru hvattir til að hafa samband við Miðgarð í síma 411 1400. Nánari upplýsingar er að finna á www.midgardur.is.

Frjáls félagasamtök

Í Grafarvogi eru starfandi fjölmörg frjáls félagasamtök. Má þar t.d. nefna Lions, Rótarý, Kiwanis og Soroptimistar svo eitthvað sé nefnt.

Nánari upplýsingar um félagasamtökin er að finna á www.midgardur.is.

Á Kjalarnesi eru einnig starfandi fjölmörg frjáls félagasamtök. Má þar t.d. nefna Björgunarsveitina Kjöl, Karlakór Kjalnesinga, Skógræktarfélag Kjalarness og Hagsmunafélag hestamanna svo eitthvað sé nefnt. Nánari upplýsingar um félagasamtökin er að finna á www.kjalarnes.is.

Skátafélagið Hamar

Í Grafarvogi fer fram mikið og öflugt skátastarf. Skátarnir hittast vikulega á skátafundum þar sem þau vinna í flokkum 5-8 saman og vinna að skemmtilegum verkefnum, syngja, fara í leiki o.fl. Yngstu krakkarnir starfa í stærri hópum þar sem áherslan er lögð á leiki og spennandi viðfangsefni. Starfsemi skátafélagsins fer fram að Logafold 106, sími: 587 3088, vefang: www.skatar.is/hamar.

Myndlistaskólinn í Reykjavík

Myndlistaskóli Reykjavíkur er með námskeið á Korpúlfsstöðum fyrir börn og unglinga. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans www.myndlistaskolinn.is og í síma 551 1990.

Borgabókasafn/Foldasafn

Bókasafnið er staðsett í Grafarvogskirkju. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu safnsins www.borgarbokasafn.is/foldasafn og í síma 411 6230.

Gufunesbær

Frístundamiðstöðin Gufunesbær hefur umsjón með starfsemi félagsmiðstöðva og frístundaheimila. Félagsmiðstöðvarstarfið er fyrir alla unglinga í 8. –10. bekk, einnig er starfsemi fyrir krakka í 5. – 7. bekk.

Frístundaheimilin eru fyrir 6-9 ára börn. Einnig er starfræktur frístundaklúbbur fyrir börn og unglinga með fötlun á aldrinum 10-16 ára. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu frístundamiðstöðvarinnar www.gufunes.is og í síma 411 5600.

Tónlistaskólar í Grafarvogi

Í Grafarvogi eru reknir 3 tónlistarskólar:

Tónlistarskólinn í Grafarvogi, www.tongraf.is, sími 567 6680

Tónskólinn Harpan, www.harpan.is, sími 567 0399


Tónskóli Björgvins, bjorgvina@simnet.is, sími 861 1255.

Tónlistarskólar á Kjalarnesi

Á Kjalarnesi er rekinn 1 tónlistarskóli, Tónlistarskólinn á Klébergi. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Klébergsskóla www.klebergsskoli.is.

Skólahljómsveit Grafarvogs

Skólahljómsveit Grafarvogs var stofnuð 1993 og hefur aðalaðsetur í Foldaskóla. Hún þjónar öllum grunnskólum Grafarvogs. Hljómsveitaræfingar fara fram í Foldaskóla en kennt er í einkatímum í fleiri skólum, háð húsnæði og nemendasamsetningu. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólahljómsveita www.skolahljomsveitir.is og í síma 587 8189.



Grafarvogslaug, v. Dalhús, s. 510-4600

Afgreiðslutími

Sumar og vetur

Virka daga - 6:30 - 22:30

Helgar - 8:00 - 20:30



Klébergslaug s. 566-6879

Afgreiðslutími:

Virka daga - 17:00 - 21:00

Þriðjudaga - 17:00 - 22:00

Helgar - 11:00 - 15:00

Nánari upplýsingar er að finna á www.itr.is

Ungmennafélagið Fjölnir (UMFF)

Hjá Fjölni er boðið upp á fjölbreytt úrval íþróttar fyrir alla aldurshópa. Allar upplýsingar um Fjölnir er hægt að nálgast á heimasíðu þeirra www.fjolnir.is og í síma 594 9640.

Ungmennafélag Kjalnesinga (UMFK)

Tilgangur félagsins er að hafa þroskandi og bætandi áhrif á meðlimi sína og auka kynningu og samhug. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu félagsins www.umfk.is.

Skottfélag Reykjavíkur

Skottfélag Reykjavíkur er með æfingaaðstöðu í Egilshöll. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu félagsins www.sr.is og í síma 594 9625.



Kajakklúbburinn

Innan kajakíþróttarinnar eru nokkrar gerðir kajaka, en hér á landi er aðallega lagt stund á róður á straumvatns og sjókajökum. Klúbburinn hefur aðstöðu í Sundlaugunum í Laugardal, Geldinganesi þar sem er geymsluaðstaða fyrir 100 báta auk félags- og sturtuaðstöðu, í Nauthólsvík er búnings- og sturtuaðstaða ásamt geymslu fyrir 55 kajaka.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu félagsins www.kayakklubburinn.is.

Golfklúbbur Reykjavíkur

Golfklúbbur Reykjavíkur hefur æfingaaðstöðu á tveimur ólíkum en stórglæsilegum golfvöllum. Annar völlurinn er í Grafarholti og hinn á Korpúlfsstöðum.

Sími golfklúbbsins er: 585 0200, veffang: www.grgolf.is.

Skautafélagið Björninn


Skautafélagið Björninn er með æfingaaðstöðu í Egilshöll. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu félagsins www.bjorninn.com og í síma 594 9696.

Egilshöll, Fossaleyni

Í Egilshöll fer fram margbreytilegt íþróttastarf og þar hafa hin ýmsu íþróttafélög í hverfinu aðstöðu.

Egilshöllin er staðsett að Fossaleyni 1.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Egilshallar www.egilshollin.is og í síma 594 9600.





Reykjavíkurborg

Hafir þú ábendingar eða athugasemdir um þjónustu Miðgarðs, eða ábendingar um brýn framfaramál í hverfinu, hvetjum við þig til að koma þeim á framfæri til okkar með því að hringja í síma 411-1400 eða senda þær með tölvupósti á netfangið midgardur@reykjavik.is